



Skýrsla til mennta- og  
menningarmálaráðuneytis um starfsemina  
árið 2017

# ÁRSSKÝRSLA MENNTASKÓLANS VIÐ SUND

2017

# Ársskýrsla Menntaskólans við Sund 2017

## Efni

<b>Nemendur MS árið 2017.....</b>	1
<b>Skipting nemenda eftir námsbrautum, kyni og heimili.....</b>	2
<b>Nám, námsframboð og námskrá.....</b>	4
<b>Starfsmenn, kennsla og stjórnun .....</b>	8
<b>Aldursdreifing kennara og hlutfall kennslu þeirra sem njóta aldursafsláttar .....</b>	8
<b>Menntun kennara 2017.....</b>	8
<b>Kynjaskipting kennara 2017 .....</b>	8
<b>Hlutfall kennslugreina í heildarkennslumagni á viku .....</b>	9
<b>Kennsluhættir og námsmat .....</b>	9
<b>Mat og framkvæmd markmiða, sjálfsmat .....</b>	10
<b>Sjálfmat .....</b>	11
<b>Fjármál og rekstur skólans.....</b>	12
<b>Lokaorð .....</b>	13

Árið 2017 var um margt merkilegt ár í sögu skólans. Miklar breytingar hafa verið gerðar á skólanum með það markmið að leiðarljósi að bæta skólastarfið, búa til meiri sveigjanleika fyrir nemendur og skólann og þá sem starfa við skólann og síðast en ekki síst, að gera skólann að betri rekstareiningu. Þá hefur aðstaðan í skólanum verið stórbætt með sama markmið að leiðarljósi.

Í skýrslu þessari eru upplýsingar um nemendur skólans 2017, námið, námsframboð og skiptingu á námsbrautir og hvernig innleiðing á nýrri skólanámskrá hefur gengið. Einnig er gerð grein fyrir kennslu, kennsluháttum og námsmati. Greint er frá stjórnun við skólann, fjölda stöðugilda, kynjaskiptingu ofl. Þá er fjallað um framkvæmd markmiða og tímabundinna verkefna í samningi, sjálfsmati og eftirfylgni þess. Fjármál skólans fá sína umfjöllun en eins undarlegt og það er þá hefur reksturinn aldrei verið skólanum erfiðari, þrátt fyrir frábæra nýtingu hópa og hagkvæmni í rekstri sem nýtt kerfi sem skólinn starfar eftir býr yfir. Að lokum er fjallað örlitið um samstarfsverkefni sem skólinn tók þátt í 2017 bæði hér innanlands sem og erlendis.

## Nemendur MS árið 2017

Árið 2017 er sérstakt hvað varðar nemendur skólans á two vegu;

1. Það voru tveir síðustu árgangarnir sem fylgja eldri 4 ára námskrá og eru í bekkjarkerfi og það voru tveir árgangar sem fylgja nýrri námskrá en eru í hinu nýja þriggja anna kerfi
2. Þensluáhrif tveggja kerfa voru í hámarki og mun minna brotthvarf en verið hafði árum saman var staðreynd sem hafði veruleg áhrif á kennslumagn í skólanum 2017
3. Samningur var gerður við ráðuneytið í júní 2017 um að skólinn innriti 200 nýnema þrátt fyrir að ársnemendafjöldi við skólann væri töluvert yfir heimild fjárlaga. Samið var um sérstaka greiðslu fyrir þetta að upphæð 65 milljónir króna sem greiða skyldi í tvennu lagi. Fyrri greiðslan kæmi haustið 2017 en síðari greiðslan í febrúar 2018
4. Uppgjör vegna nemendafjölda var óvenju flókið þar sem hluti nemenda var í hefðbundnu bekkjarkerfi með tveggja anna kerfi en hinn hlutinn var í nýju þriggja anna kerfi þar sem

annarskipti eru fyrst í nóvember og svo aftur í febrúar. Þetta flækti allt uppgjör á gögnum um nemendatölur til ráðuneytis, áætlanagerð um brotthvarf og mælingar á því og svo framvegis

### Skipting nemenda eftir námsbrautum, kyni og heimili

Hér á eftir er sýnd skipting nemenda á einstökum önnum eftir árgöngum, kyni og vali á braut og námslinu. Einnig er sundurliðun á því hvaðan þessir nemendur koma. Allar tölur eru teknar við upphaf anna.

Vetrarönn 16-17	KK	KVK	Samtals	Samtölur
1. ár	102	129	231	784
2. ár	113	125	238	
3. ár	93	70	163	
4. ár	73	79	152	
Náttúrufræðibraut	115	79	194	469
Félagsfræðabraut	100	175	275	
Félagsfræðikjörsvið	24	46	70	
Hagfræðikjörsvið	61	50	111	
Líf- og efnafraðikjörsvið	50	48	98	315
Eðlisfræðikjörsvið	31	5	36	

Þegar skoðað er hvaðan þessir nemendur koma kemur eftirfarandi í ljós:

Svæði	Fjöldi	%
Höfuðborgarsvæði og Suðurnes, póstnúmer 101-190	564	71,9
Höfuðborgarsvæði og Suðurnes, póstnúmer 200-276	205	26,1
Vesturland og Vestfirðir, póstnúmer 300-380	4	0,5
Vestfirðir, póstnúmer 400-471	1	0,1
Norðurland vestra, eystra og Vestfirðir, póstnúmer 500-580	1	0,1
Norðurland eystra og Austurland, póstnúmer 600-690	0	0
Austurland og Suðurland, póstnúmer 700-785	1	0,1
Suðurland, póstnúmer 800-880	8	1,0
Suðurland (Vestmannaeyjar), póstnúmer 900 -	0	0
<b>Samtals:</b>	<b>784</b>	<b>100</b>

Vorönn 17	KK	KVK	Samtals	Samtölur
1. ár	99	127	226	765
2. ár	111	119	230	
3. ár	163	146	309	
4. ár	106	74	180	
Náttúrufræðibraut	104	172	276	456
Félagsfræðabraut			67	
Félagsfræðikjörsvið			111	
Hagfræðikjörsvið			94	
Líffræðikjörsvið			37	309
Eðlisfræðikjörsvið				

Þegar skoðað er hvaðan þessir nemendur koma kemur eftirfarandi í ljós:

Svæði	Fjöldi	%
Höfuðborgarsvæði og Suðurnes, póstnúmer 101-190	550	71,9
Höfuðborgarsvæði og Suðurnes, póstnúmer 200-276	200	26,1
Vesturland og Vestfirðir, póstnúmer 300-380	4	0,5
Vestfirðir, póstnúmer 400-471	1	0,1
Norðurland vestra, eystra og Vestfirðir, póstnúmer 500-580	1	0,1
Norðurland eystra og Austurland, póstnúmer 600-690	0	0
Austurland og Suðurland, póstnúmer 700-785	1	0,1
Suðurland, póstnúmer 800-880	8	1,0
Suðurland (Vestmannaeyjar), póstnúmer 900 -	0	0
<b>Samtals</b>	<b>765</b>	<b>100</b>

#### Haustönn 17

	KK	KVK	Samtals	Samtölur
1. ár	85	106	191	765
2. ár	91	117	208	
3. ár	111	122	233	
4. ár	75	58	133	
Náttúrufræðibraut	156	110	266	632
Félagsfræðabraut	131	235	366	
Félagsfræðikjörsvið			31	
Hagfræðikjörsvið			45	133
Líffræðikjörsvið			42	
Eðlisfræðikjörsvið			15	

Þegar skoðað er hvaðan þessir nemendur koma kemur eftirfarandi í ljós:

Svæði	Fjöldi	%
Höfuðborgarsvæði og Suðurnes, póstnúmer 101-190	528	69,0
Höfuðborgarsvæði og Suðurnes, póstnúmer 200-276	222	29,0
Vesturland og Vestfirðir, póstnúmer 300-380	6	0,8
Vestfirðir, póstnúmer 400-471	1	0,1
Norðurland vestra, eystra og Vestfirðir, póstnúmer 500-580	0	0
Norðurland eystra og Austurland, póstnúmer 600-690	0	0
Austurland og Suðurland, póstnúmer 700-785	0	0
Suðurland, póstnúmer 800-880	8	1,0
Suðurland (Vestmannaeyjar), póstnúmer 900 -	0	0
<b>Samtals</b>	<b>765</b>	<b>100</b>

## Brotthvarf

Verulega dró úr brotthvarfi úr skólanum 2017 samhliða innleiðingu á nýju þriggja anna kerfi í MS. Nemendur halda áfram námi verði þeir fyrir áföllum en draga ef til vill úr áætluðum námshraða sínum í staðinn. Nýtt kerfi gerir þeim þetta auðveldara en var raunin í bekkjarkerfinu. Greining á ástæðum þess að nemendur hætta námi við skólann leiddi eftirfarandi í ljós:

Tímabil	Fjöldi	Skýring samkvæmt skilgreiningu MMS á brotthvarfi
Vetrarönn 2016-2017	1	Alls skráðu sig 8 nemendur úr skólanum við lok vetrarannar. Einn nemandi (97) fór ekki í nám í öðrum skóla
Vorönn 2017	0	Alls skráðu 5 nemendur sig úr námi á vorönn, allir fóru í nám í öðrum skóla
Milli skólaára	5	Eftir að vorönn lauk og þar til skráningu var lokað á haustönn 17 (10. sept) skráðu 48 nemendur sig úr námi. Af þessum voru 5 sem ekki fóru í annað nám
Haustönn 2017	1	Alls hættu 4 nemendur við lok haustannar, einn af þeim (98) fór að vinna og ekki í nám
Vetrarönn 2017-2018	3	Alls skráðu sig 12 nemendur úr skólanum við upphaf vetrarannar. Þar af hættu 3 í námi
Samantekt árið	5	Á árinu 2017 skráðu sig 77 nemendur úr námi í MS. Mikill meirihluti þessara nemenda fór í nám í öðrum skóla eða 87%. Alls voru 10 nemendur sem ekki fóru í nám, þar af 5 sem hættu milli anna yfir sumartímann

Raunverulegt brotthvarf þeirra sem hætta námi er hverfandi en töluverður flutningur er á nemendum á milli skóla. Sú hreyfing á sér einkum stað á milli skólaára. Ástæður þess að nemendur færa sig á milli skóla geta verið fjölmargar svo sem breyting á búsetu, breyting á áhugasviði, félagslegir þættir geta haft áhrif sem og margt annað. Almennt má segja að möguleikinn á að flytja sig á milli skóla og skólagerða sé hluti af styrkleika skólakerfisins á Íslandi en þó er vert að velta fyrir sér hvort geti komið að því að galopið skólakerfi ýti undir losarabrag og dragi þar með frekar úr seiglu?

## Nám, námsframboð og námskrá

Nám í bekkjarkerfinu er 140 eldri einingar sem skipulagt er sem fjögurra ára nám. Nám samkvæmt nýrri námskrá í MS (sem kennt er í þriggja anna kerfi) er skilgreint sem 206 feiningar sem hægt er að taka á þremur námsárum eða 9 önnum. Við upphaf skólaársins 2017-2018 voru um 17% nemenda skólans í bekkjarkerfinu en 83% nemenda fylgdu nýrri námskrá og voru þeir allir í þriggja anna kerfinu. Mikill munur er á þessum tveimur námskráum þó svo að heiti námsbrautanna sjálfra hafi ekki breyst. Algjör endurskilgreining á inntaki námsins, uppbyggingu námsmats og gjörbreytt markmið áfanga í nýrri námskrá gerir það að verkum að lítil sem engin skörun er á milli þessara tveggja kerfa. Það fylgir þessu óhjákvæmilega þensluáhrif í námsframboði áfanga og tímabundin lök nýting hópa í gamla kerfinu á meðan nýting hópa í nýja kerfinu á árinu 2017 var frábær.

Við upphaf haustannar 2017 var meðal hópastærð í MS 25 nemendur, en við lok ársins er þessi tala komin niður í 24 nemendur í hóp þrátt fyrir það að hlutfall listgreina, sem eru með að hámarki 17 nemendur í hóp hafa farið vaxandi allt árið. Við upphaf skólaársins 2017-2018 var heildarkennslumagn í MS 1157 kennslustundir á viku. Það voru 215 kennslustundir á viku kenndar í eldra kerfinu en 942 kennslustundir á viku voru í nýja kerfinu. Enginn möguleiki var á því að draga úr kennslumagni í eldra kerfinu en rekstrarlegt umhverfi skólans gerði það að verkum að kennslumagn í nýja kerfinu var um 5-8% undir því sem eðlilegt væri, sem er lágmarks kennslufjöldi sem þarf til þess að nemendur sem hyggjast ljúka námi á 3 námsárum (9 önnum) eigi raunverulegan möguleika á því miðað við námsframboð áfanga. Á vetrarönn 2017 þurfti því að bæta nokkuð við fjölda hópa í boði og því varð heildarkennslustundafjöldi á viku heldur meiri seinni hluta skólaársins 2017-2018 en fyrri hluta ársins. Rekstrarleg áhrif þessa urðu eðlilega nokkur en samkomulag MS og ráðuneytis um sérframlag skólaárið 2017-2018 vegna inntöku 200 nýnema í stað um 150 átti að vega þetta upp að mestu. Það er því afar mikilvægt að við þetta samkomulag verði staðið að fullu.

## Námsframvinda í nýja kerfinu

Samkvæmt úttekt MS á áætluðum námslokum nemenda sem fylgja nýrri námskrá eru um 65% 99' árgangsins í útskriftarfæri vorið 2018. Þetta hlutfall er alveg í samræmi við áætlun skólans og

niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir þennan hóp nemenda við upphaf skólagöngu þeirra. Stóri ávinningsurinn sem þegar sést af innleiðingu hins nýja kerfis er að þeir nemendur í 99' árganginum sem ekki eru í útskriftarfæri vorið 2018 eru langflestir enn við nám í MS (65-70 einstaklingar) og stefna á útskrift eftir 10 eða 11 annir. Sveigjanleiki hins nýja kerfis til þess að taka á móti nemendum þar sem þeir standa og geta þess til þess að aðlagast hæfni og getu hvers og eins hefur því þegar ótvírætt sannað sig.

## Námskrá Menntaskólans við Sund

Menntaskólinn við Sund skilaði á tilskyldum tíma frá sér til Menntamállastofnunar nýjum námskránum þar sem viðamiklar breytingar voru gerðar á uppbyggingu náms við skólann, markmiðum þess, inntaki og námsmati. Einkenni námsbrauta við skólann er m.a. :


- Nýjar námsbrautir hugsaðar frá grunni og horft til þjóðfélagsbreytinga
- Skapandi greinar eru hluti af almennum kjarna
- Umhverfisfræði er hluti af almennum kjarna
- Lýðræði og siðferði er hluti almennum kjarna
- Breyttar og stundum auknar kröfur háskólastigs - dýpt var haldið í lykilgreinum
- Nemandi geti ráðið sem mestu um sitt eigið nám, samsetningu þess, námstíma og skipulag
- Breytt verklag
- Allt nám skilgreint út frá hæfnikrömum og gert er ráð fyrir að nám fari fram utan veggja kennslustofunnar
- Námsmat endurspeglar áherslu á annars konar námsaðferðir

## Uppbygging nýrra námsbrauta við MS

Menntaskólinn við Sund er með tvær námsbrautir til stúdentsprófs í nýri námskrá en hvor þeirra fyrir sig skiptist síðan í tvær námslínur. Félagsfræðabraut skiptist í félagsfræði-sögulínu og hagfræði og stærðfræðilínu en náttúrufræðibrautin skiptist í eðlisfræði-stærðfræðilínu og líffræði og efnafræðilínu.

Allir námsáfangar í bóklegum greinum og listgreinum eru 5 feiningar en að auki þarf nemandi að ljúka 6 feiningum í íþróttum. Nemandi þarf því að ljúka á þessum tíma 40 áföngum í bók- og listgreinum auk 6 feininga í íþróttum.

Hér fyrir neðan er sýnt dæmi um skipulag áfanga í nýri námskrá í lykilgrein (stærðfræði) á náttúrufræðibraut. Á heimasíðu skólans er sýnt skipulag áfanga í öllum námsgreinum og markmið hvers og eins.



## Almenn lýsing fyrir félagsfræðabraut

Á félagsfræðabraut er lögð áhersla á menningu, tungumál, sögu og samfélag. Þar fá nemendur tækifæri til að efla samskiptahæfni sína, lýðræðis- og jafnréttisvitund, læsi í víðum skilningi og tjáningu í ræðu og riti.

Á félagsfræðabraut er sérstök áhersla lögð á að nemendur þjálist í vinnubrögðum sem nýtast þeim í áframhaldandi námi á háskólastigi, einkum á sviði hug- og félagsvínsinda, viðskipta- og hagfræðigreina.

Námið er verkefnabundið. Lögð er áhersla á skapandi greinar og umhverfisvitund nemenda. Nemendur á félagsfræðabraut fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem auka hæfni þeirra að þessu leyti. Mikil áhersla er lögð á að nemendur þjálist í vönduðum og heiðarlegum vinnubrögðum, styrki og eflí málhæfni sína og hæfni sína til að skilja hvernig maðurinn hefur móttandi áhrif á samfélagið og hvernig saga, bókmenntir, listir, félagsfræði og hagfræði túlka og skilgreina þau lögmál sem þar eru að verki.

Félagsfræðabraut – félagsfræði og sögulína					
		1 ár	2 ár	3 ár	Feli
Tungumál	Iceland	ISLE1F05 ISLE2F05	ISLE3H05 ISLE3S05 eða ISLE3M05 eða ISLE3T05	ISLE3B05 eða ISLE3M05 eða ISLE3T05	25
	English	ENSK2AE05	ENSK3A05	ENSK3P05	15
	Dansk	DANS2MN05			5
	Portuguese	FRAN1GR05 eða PTSK1GR05	FRAN1M05	FRAN1P05 eða PTSK1M05	15
Félagsgreinir	Lýðræðisvitund og óferði	IS05IL05			5
	Umhverfisfræði	UMHV2UM05			5
	Telugrafraði	TELAE05	TELAKX05	TELAPROS	20
	Saga	SAGA2M05			
	Hagfræði	HAGF1P05			
	Aðalgreinagrenn				Einn afengi semkvæmt velli
	Bundibóval				Tveir Mangarsamkvæmt velli
Reingreinir					Einn afengi semkvæmt velli
Stærðfræði	STAR2H05		STAR2T05	STAR3G05 eða afengi að velli	15
Útgreiðsla					5
Ónnur sérhæfing					Einn afengi semkvæmt velli
Afljakti vell					15
Bröttik	ibrottr3eininger		ibrottr3eininger		6
Göngar aðs:	62	78	71	206	
		1 ár	2 ár	3 ár	Feli
Tungumál	Iceland	ISLE1F05 ISLE2F05	ISLE3H05 ISLE3S05 eða ISLE3M05 eða ISLE3T05	ISLE3B05 eða ISLE3M05 eða ISLE3T05	25
	English	ENSK2AE05	ENSK3A05	ENSK3H05	15
	Dansk	DANS2MN05			5
	Portuguese	FRAN1GR05 eða PTSK1GR05	FRAN1M05	FRAN1P05 eða PTSK1M05	15
Félagsgreinir	Lýðræðisvitund og óferði	IS05IL05			5
	Umhverfisfræði	UMHV2UM05			5
	Telugrafraði	TELAE05	TELAKX05 eða TELAF05		10
	Saga	SAGA2M05			
	Hagfræði	HAGF1P05			
	Aðalgreinagrenn				HAGF2RM05 HAGF2P05 Einn afengi semkvæmt velli
	Bundibóval				5
Reingreinir					Tveir Mangarsamkvæmt velli
Stærðfræði	STAR2H05	STAR2H05	STAR2H05 STAR2T05	STAR3H05 STAR3H05	20
Útgreiðsla					5
Ónnur sérhæfing					Einn afengi semkvæmt velli
Afljakti vell					15
Bröttik	ibrottr3eininger		ibrottr3eininger		6
Göngar aðs:	62	78	71	206	

## Almenn lýsing fyrir náttúrufræðibraut

Á náttúrufræðibraut er lögð áhersla á góðan skilning á náttúrufræðilegum hugtökum, vísindalegum vinnubrögðum og hugsunarhætti sem nýtist í daglegu lífi. Á náttúrufræðibraut er sérstök áhersla lögð á að nemendur þjálfist í vinnubrögðum sem nýtast þeim í áframhaldandi námi á háskólastigi, einkum á svíði náttúrvísinda. Námið er verkefnabundið. Lögð er áhersla á skapandi greinar, náttúrlæsi og umhverfisvitund nemenda. Á náttúrufræðibrautinni fá nemendur tækifæri til að fást við viðfangsefni sem auka hæfni þeirra að þessu leyti. Mikil áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í vönduðum og heiðarlegum vinnubrögðum, styrki og eflí þekkingu og hæfni sína til að skilja hvernig maðurinn er hluti af umhverfi sínu og læri að umgangast náttúruna af ábyrgð og virðingu í anda sjálfbærar þróunar og að nemendur geri sér grein fyrir því að vísindi og tækni eru mannanna verk, hugmyndir í stöðugri þróun og mikilvægi þess að allir skilji að þeir geti haft áhrif.

Náttúrufræðibraut – Líffræði og efnafræðilína



Tungumál	Icelandic	1 ár	2 ár	3 ár	F ein
Íslenska	ÍSLEIROS	ÍSLE2FB05	ÍSLE3HB05	ÍSLE3S05 eða ÍSLE3M05 eða ÍSLE3T05	20
Íslenska Dansk Þóttig nái	ÍNSK2A05 DANS2M05 FRAN1G05 eða ÍNSK1G05	ÍNSK3A05 FRAN1M05 eða ÍNSK1M05	ÍNSK3N05 FRAN1P05 eða ÍNSK1P05		15 5 15
Félags- greinar	Várhúsvislunarsjóði	ÍFBS1S05			5
	Universitársjóði	UMHV2U05			5
	Félagsfræði	ÍELAZE05			5
	Saga		SAGA2M05		5
Rauðgreinar	Jarðvísindi útræði	ÍAR02A05 LÍFF2N05	LÍFF2M05 LÍFF2B05	LÍFF3ROS eða LÍFF3AT05	5 15
	Etnafræði	ÍFNA2LM05	ÍFNAZ05 ÍDUZ05	ÍFNAZUR05	20
	Eðlilegur Bundidóval			ÍFNAZUR05	5
				Tveir ófangarsamkvæmtir val	10
Stærðfræði	STÆR2HA05	STÆR2HV05	STÆR2H05 STÆR3M05	STÆR3HE05	25
Umgevir				Einn afengi samkvæmt val	5
Önnur verthælding				Tveit afengar samkvæmt val	15
Allrjáð val				Önnrafengar samkvæmt val	15
þróttir	þróttir 3 Beiningar	þróttir 3 Beiningar	þróttir 3 Beiningar		6
Erlingar að:		62	75	71	206

Náttúrufræðibraut – Eðlisfræði og stærðfræðilína



Tungumál	Icelandic	1 ár	2 ár	3 ár	F ein	
Íslenska	ÍSLEIROS	ÍSLE2FB05	ÍSLE3HB05	ÍSLE3S05 eða ÍSLE3M05 eða ÍSLE3T05	20	
Íslenska Dansk Þóttig nái	ÍNSK2A05 DANS2M05 FRAN1G05 eða ÍNSK1G05	ÍNSK3A05 FRAN1M05 eða ÍNSK1M05	ÍNSK3N05 FRAN1P05 eða ÍNSK1P05		15 5 15	
Félags- greinar	Várhúsvislunarsjóði	ÍFBS1S05			5	
	Universitársjóði	UMHV2U05			5	
	Félagsfræði	ÍELAZE05			5	
	Saga		SAGA2M05		5	
Rauðgreinar	Jarðvísindi útræði	ÍAR02A05 LÍFF2N05			5	
	Etnafræði	ÍFNA2LM05	ÍBL1Z05 ÍBL1R05	ÍBL1HK05 ÍBL1M05	5 25	
	táknámsíði				Tveir ófangarsamkvæmtir val	10
	Bundidóval					
Stærðfræði	STÆR2HA05	STÆR2HV05	STÆR2H05 STÆR3M05	STÆR3HE05 STÆR3TD05 STÆR3RA05	40	
Umgevir			Einn afengi samkvæmt val		5	
Önnur verthælding			Einn afengi samkvæmt val	Tveit afengar samkvæmt val	15	
Allrjáð val				Önnrafengar samkvæmt val	15	
þróttir	þróttir 3 Beiningar	þróttir 3 Beiningar	þróttir 3 Beiningar		6	
Erlingar að:		62	75	71	206	

## **Starfsmenn, kennsla og stjórnun**

Árið 2017 var starfsmannafjöldi við skólann í svipuðu horfi og undanfarin ár. Meðalfjöldi starfsmanna 2017 var 72, þar af voru kennarar að meðaltali 56, stjórnendur 4 og heildarfjöldi á þjónustusviði 12.

Með kerfisbreytingunni 2015 þegar tekið var upp þriggja anna kerfi í stað bekkjarkerfisins varð breyting á stjórnun skólans með ráðningu námskrárstjóra. Tímabundinni þenslu, sem fylgir því að keyra samtímis tvö ólík kerfi og tvær ólíkar námskrár, var hins vegar mætt með hærra hlutfalli yfirvinnu í stað þess að fjölgja stöðugildum við skólann.

Árið 2017 voru stöðugildi við skólann 64,84 sem skiptust þannig:

- Kennslusvið = 54,72 ársverk
- Þjónustusvið aðrir en stjórnendur = 6,62 ársverk
- Stjórnendur, þ.a.m. rektor = 3,5 ársverk

## **Aldursdreifing kennara og hlutfall kennslu þeirra sem njóta aldursafsláttar**

Samdráttur á framhaldsskólastigi í kennslumagni vegna hærri nýtingarkröfu, og þá ekki síður vegna styttingar náms til stúdentsprófs, veldur því að það dregur úr endurnýjun í kennarastéttinni og meðalaldur kennara hækkar og starfsaldur lengist. Kjarasamningar og einnig stofnanasamningar sem kveða á um röðun starfa valda því að haldið er utan um starfsaldur kennara í samræmi við ákvæði um breytta launaröðun með hækkandi starfsaldri. Síðasta starfsaldurshækun í stofnanasamningi MS og KÍ er við 12 ára kennsluferil og er kennsluferill eftir það ekki skráður af skólanum. Meðalaldur kennara við MS er hár, starfsmannavelta hefur verið lítill og hlutfall kennara sem njóta kennsluafsláttar er hátt. Hlutfall kennara með meira en 12 ára kennsluferil var 61%, með 7-12 ára feril var hlutfallið 22% en hlutfall þeirra sem var með 0-6 ára kennsluferil var 17%. Þannig var meðalkennsluskylda í MS haustið 2017 21,87 kst/viku sem riflega 9 % lægri kennsluskylda en greiðsluviðmið ráðuneytis ganga út frá. Ef horft er til heildarkennslumagns haustið 2017, sem var 1157 kst/viku, þá dreifðist kennslan á eftirfarandi hátt:

Allur skólinn	>60 ára		55-60 ára	<55 ára
Kennslumagn eftir aldri	460.5		138.5	558
Heildarkennslumagn	1157	40%	12%	48%
<b>Stöðugildi:</b>	<b>24.24</b>	<b>0.00</b>	<b>7.29</b>	<b>29.37</b>

Hér sést að 40% allrar kennslu við MS er unnin af kennrum sem njóta kennsluafsláttar þeirra sem falla undir 60 ára regluna, 12% kennslumagnsins er unnin af kennrum sem eru á aldursbilinu 55-60 ára og 48% allrar kennslu í MS var unnin af kennrum sem eru undir 55 ára og hafa fulla kennsluskyldu. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvernig endanlegt tímamagn einstakra aldurshópa reiknast við uppgjör anna samkvæmt nýju vinnumati.

## **Menntun kennara 2017**

Doktorspróf eða sambærilegt = 4 eða 7% kennara

Meistarapróf eða sambærilegt = 34 eða 61% kennara

BA eða BS gráða = 18 eða 32% kennara

Allir kennarar voru með kennsluréttindi.

## **Kynjaskipting kennara 2017**

Heldur hallar á hlut karla í MS en nokkur breyting hefur orðið á þessu hlutfalli undanfarin misseri eftir áralanga sögu um tiltölulega jafnt hlutfall karla og kvenna við störf í MS. Á vorönn 2017 voru konur 44 og karlar 30 en á haustönn 2017 hafði þetta hlutfall breyst þannig að konur voru 49 og karlar aðeins 25. Þessi þróun er áhyggjuefni en sambærileg breyting er að verða á hlutföllum stúlkna og pilta í hópi nemenda sem bendir til þess að skólakerfið henti í dag síður körlum en konum einhverra hluta vegna. Full ástæða er að rannsaka þetta á landsvísu.

## Hlutfall kennslugreina í heildarkennslumagni á viku

Við upphaf haustannar 2017 var heildarkennslumagnið 1157 kst/viku og skiptist það eftirfarandi:

Þriggja anna kerfi	19 kst á viku	23 kst á viku	24 kst á viku	Samtals	Kst/viku á önn mv. jafna dr.	Samtals kennslustundir á viku í gamla og nýja kerfinu
Íslenska*	9	67.5	238.5	315	105	136
Danska	81			81	27	27
Enska*	27		225	252	84	115
Franska	90			90	30	38
Þýska		76.5	139.5	216	72	94
Saga	117	18	63	198	66	85
Félagsfræði	18		171	189	63	81
Lýðræðisvitund	45		18	63	21	21
Eðlisfræði	63		9	72	24	29
Efnafræði	63		54	117	39	40.5
Jarðfræði			27	27	9	9
Umhverfisfræði			63	63	21	21
Líffræði	13.5		130.5	144	48	63.5
Stærðfræði	157.5	67.5	171	396	132	160
Hagfræði og fjármálalæsi	99	81	63	243	81	93
Listgreinar	126		90	216	72	81
Íþróttir	108		36	144	48	63
Samtals áætlað heildar kennslumagn á skólaári	1017	310.5	1498.5	2826	942	1157
Kst /viku miðað við 3 annir á ári	339	103.5	499.5	942		
<b>Stöðugildi</b>	<b>17.84</b>	<b>4.50</b>	<b>20.81</b>	<b>43.15</b>		<b>53,55</b>
*yndislestur undanskilinn	41,4%	10,4%	48,2%			

## Kennsluhættir og námsmat

Í bekkjarkerfinu skiptist skólaárið í tvær annir með kennslu og prófatíma. Þó svo að breytingar hafi orðið á námsmati í eldra kerfinu á þann veg að fjölbreyttari aðferðir séu notaðar til að meta námsrárangur en áður þá er eitt einkenni þessa kerfis umfangsmikil lokapróf með yfirlitsprófum í aðalgreinum. Í nýrri námskrá þeirra sem fylgja þriggja anna kerfinu er uppbygging námsmat með allt öðrum hætti. Ekki er sérstakur prófatími heldur er símat í hverjum áfanga og tekur skóladagatalið mið af þeirri staðreynd. Námsmat áfanga byggir á fjölbreyttum matsaðferðum þar sem metin er þekking, leikni og hæfni nemenda. Námsmatinu er ætlað að gefa upplýsingar um stöðu nemandans í náminu og hvernig miðar að ná markmiðum áfanga. Námsmatið á að nýtast til að leiðbeina um næstu skref til að bæta frammistöðu nemenda í hverjum áfanga og í náminu í heild. Nánar er kveðið á um námsmat í námsáætlun hvers áfanga. Uppbygging náms og námsmats er í anda kenninga um námseflingu („Building Learning Power“).

## Þriggja anna kerfi - Dagatal 2017-2018

Nemendadagar = 180

Starfsdagar = 4

Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	April	Maí
1/Fð	1/Fð	1/Su	1/Mi	1/Fð	1/La	1/Br	1/Fð	1/Su	1/Fð
1/Fð	2/La	2/Má	1/Fð	2/La	2/La	2/Br	2/Fð	2/La	2/Má
3/Fi	3/Su	3/Fð	2/Fð	3/La	3/Su	3/Mi	3/La	3/Df	3/Fi
4/Fð	4/Má	2/Fð	3/La	4/La	4/Mi	2/Fð	4/Su	4/Mi	4/Fð
5/La	5/Fð	3/Su	4/Fi	5/Su	5/Fð	3/Fð	5/Má	5/Fi	5/La
6/Su	6/Mi	4/Fð	5/Su	6/Má	6/La	6/Br	6/Fð	6/Su	6/Su
7/Má	7/Fi	5/La	6/Fð	7/Má	7/La	7/Mi	7/La	7/Má	7/Má
8/Br	8/Fð	6/Su	7/Mi	8/Fi	8/La	8/Br	8/Fi	8/Su	8/Br
9/Mi	9/La	9/Má	8/Fi	9/La	9/Má	9/Br	9/Fð	9/Má	9/Mi
10/Fi	10/Su	10/Fð	9/Fi	10/Fð	10/Su	10/Mi	10/La	10/Br	10/Fi
11/Fð	11/Má	11/Fi	10/Mi	11/La	11/Má	11/Fi	11/Su	11/Mi	11/Fð
12/La	12/Br	12/Fð	11/Mi	12/Su	12/Fð	12/Mi	12/La	12/Fi	12/La
13/Su	13/Mi	13/Fð	12/Má	13/Upphafmsjón	13/Mi	13/La	13/Fi	13/Su	13/Su
14/Má	14/Fi	14/La	13/Fð	14/Fi	14/Su	14/Má	14/Fi	14/Má	14/Má
15/Br	15/Fð	15/Su	14/Mi	15/Fð	15/Má	15/Fi	15/Su	15/Br	15/Br
16/Mi	16/La	16/Má	15/Fi	16/La	16/Br	16/Fi	16/Fð	16/Má	16/Mi
17/Fð	17/Su	17/Fi	16/Fð	17/Su	17/Mi	17/La	17/La	17/Br	17/Fi
18/Fð	18/Upphafmsjón	18/Má	17/Fi	18/La	18/Má	18/Fi	18/Su	18/Má	18/Fð
19/La	19/Br	19/Fi	18/Mi	19/Su	19/Fi	19/Fð	19/Má	19/La	19/La
20/Su	20/Mi	20/Fð	19/Má	20/Má	20/La	20/Br	20/Fi	20/Mi	20/Háskólastundur
21/Má	21/Fi	21/La	20/Fð	21/Fi	21/Su	21/Mi	21/La	21/Má	21/Háskólastundur
22/Br	22/Fð	22/Su	21/Mi	22/Fð	22/Má	22/Fi	22/Su	22/Br	22/Fð
23/Mi	23/La	23/Má	22/Fi	23/La	23/Portáksmá	23/Br	23/Fi	23/Mi	23/Mi
24/Fi	24/Su	24/Fð	23/Má	24/Fð	24/Su	24/Mi	24/La	24/Fi	24/Háskólastundur
25/Fð	25/Má	15/25/Mi	24/Fi	25/Má	25/La	25/Fi	25/Su	25/Má	25/Fð
26/La	26/Br	16/26/Su	25/Má	26/Br	26/La	26/Fi	26/Má	26/La	26/La
27/Su	27/Mi	17/27/Fð	26/Má	27/Mi	27/La	27/Br	27/Mi	27/Su	27/Má
28/Má	28/Fi	18/28/Su	27/Má	28/Fi	28/Su	28/Mi	28/La	28/Má	28/Má
29/Br	29/Fð	19/29/Su	28/Má	29/Fð	29/Má	29/Mi	29/Fi	29/Su	29/Má
30/Mi	30/La	30/Má	29/Fð	30/La	30/Fi	30/Mi	30/Fi	30/Mi	30/Mi
31/Fi	9	31/Br	19	31/Su	31/La	31/Mi	31/Fi	31/La	31/Fi

Haustönn 20.8.2017-9.11.2017									
Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	April	Maí
Kennsludagar	9	19	19	3/	5	50	13	12	10
Matsdagar	2	2	5	9	9	9	2	2	5
Upphafsumsþón	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Starfsdagar	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Alls							61	60	63

Vetrarönn 13.11.2017-16.2.2018									
Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	April	Maí
Nóvember			13	12	10	7	7	5	50
Desember				2	2	5	9	9	9
Janúar			1	1	1	1	1	1	1
Febrúar									50
Mars									50
April									50
Maí									50
Alls									63

Vorðin 19.2.2018-25.5.2018									
Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	April	Maí
7	15	16	16	16	16	12	12	12	50
8	9	9	9	9	9	9	9	9	9
9	9	9	9	9	9	9	9	9	9
10	10	10	10	10	10	10	10	10	10
11	11	11	11	11	11	11	11	11	11
12	12	12	12	12	12	12	12	12	12
13	13	13	13	13	13	13	13	13	13
14	14	14	14	14	14	14	14	14	14
15	15	15	15	15	15	15	15	15	15
16	16	16	16	16	16	16	16	16	16
17	17	17	17	17	17	17	17	17	17
18	18	18	18	18	18	18	18	18	18
19	19	19	19	19	19	19	19	19	19
20	20	20	20	20	20	20	20	20	20
21	21	21	21	21	21	21	21	21	21
22	22	22	22	22	22	22	22	22	22
23	23	23	23	23	23	23	23	23	23
24	24	24	24	24	24	24	24	24	24
25	25	25	25	25	25	25	25	25	25
26	26	26	26	26	26	26	26	26	26
27	27	27	27	27	27	27	27	27	27
28	28	28	28	28	28	28	28	28	28
29	29	29	29	29	29	29	29	29	29
30	30	30	30	30	30	30	30	30	30
31	31	31	31	31	31	31	31	31	31

Starfsdagar aðliggjandi skólaári									
=	4								
Fjöldi skóladaga									
=	180								

Mynd 1Skóladagatal 2017-2018 í nýju briggja anna kerfi

### Nýtt stokkakerfi

Breyttir kennsluhættir og breyttar áherslur í námsmati kölluðu á breytingar á skipulagi dagsins. Nemendur eru í fáum greinum í viku hverri (hámark 4-5) en í mörgum tímum í hverri grein. Allir áfangar, nema íþróttir, eru 5 feiningar að stærð og þeir eru kenndir þrisvar í viku. Einu sinni samfellt að morgni, einu sinni aðliggjandi hádegi og einn daginn síðdegis. Nemandi sem er í fullu námi er því með 2 eða 3 námsgreinar undir á hverjum degi. Með skipulagi kennslu og heimildar til þess að leggja fyrir umfangsmikil verkefni/próf er álagi á nemendur stýrt og það jafnað. Þannig tryggir skólinn að nemendur þurfa aldrei að undirbúa sig fyrir fleiri en eitt slíkt próf eða verkefni á hverjum degi. Þetta er gert með því að heimila slíka vinnu eingöngu í morgunstokk. Margir samfelldir tímar í hverri grein auðvelda síðan verulega alla verkefnatengda vinnu en mikil áhersla er lögð á hana.

### Mat og framkvæmd markmiða, sjálfssmat

Skólinn setur sér markmið í helstu málaflokkum fyrir hvert skólaár. Skólaárið 2017-2017 voru eftirfarandi markmið sett en þau endurspeglar að sjálfssögðu þær miklu breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagi og starfi í skólanum.

### Markmið og aðgerðir 2017-2018

Hér að neðan eru þau markmið og aðgerðir sem skólinn hefur samþykkt að leggja sérstaka áherslu á skólaárið 2017-2018

#### Megin markmið aðgerðaráætlunar

- Þróun briggja anna kerfisins
- Innleiðing nýrrar námskrár
- Vinna áfram með kennslufræði og námsmat í takt við nýja námskrá
- Skólabragur í nýju námsumhverfi
- Hvetja til endurmenntunar, starfsþróunar og faglegs samstarfs

#### Þróun briggja anna kerfisins

- Nýta betur möguleika nýja kerfisins, t.d.:
  - með sveigjanleika í töflugerð
  - með útfærslu og hönnun á skóladeginum
  - með þróun umsjónarkerfisins

- með fjölbreyttri nýtingu matsdaga
- Útfæra útskrift í nýju kerfi

#### **Innleiðing nýrrar námskrár**

- Ljúka vinnu við almennan hluta námskrár
- Ljúka vinnu við áfangalýsingar námskrár
- Setja brauta- og áfangalýsingar í Námskrárgrunninn
- Stýrihópur stjórnenda og oddvita starfi áfram
- Rýnihópar nemenda og kennara starfi áfram

#### **Vinna áfram með kennslufræði og námsmat í takt við nýja námskrá**

- Áhersla á virkni og þáttöku nemenda í náminu
  - Hvetja nemendur til þess að taka ábyrgð á eigin námi
- Áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsmat
  - Sérstök áhersla á að kynnast leiðsagnarnámi og -mati og innleiða það
- Áhersla á að skapa öllum nemendum góð skilyrði til náms
  - Með fjölbreyttum kennsluaðferðum
  - Með því að huga að meðnámi t.d. lestri, gagrýnni hugsun, félagsfærni og tjáningu
  - Með því að taka tillit til reynsluheims þeirra og hugmynda
- Hlusta á raddir nemenda
  - Við mat á skólastarfinu og með nemenda kynningum

#### **Skólabragur í nýju umhverfi**

- Ný heimssíða verður sett í loftið í september 2017
- Hrinda í framkvæmd aðgerðaráætlun um varnir gegn brotthvarfi
- Vinna með nemendum í takt við siðareglur um notkun snjalltækja í kennslustundum
- Vinna áfram að bættu upplýsingaflæði
- Útbúa handbók um námið fyrir forráðamenn nemenda
- Halda áfram að bæta umgengni í og við skólann
- Grænt bókhald og græn skref í ríkisrekstri

#### **Endurmenntun, starfsþróun og faglegt samstarf**

- Starfendarannsóknir
- Fræðslufundir í skólanum
- Erasmus+ verkefni
- Nord+ junior
- Samstarf við Greve
- Auk annarra endurmenntunarnámskeiða, þróunarverkefna og faglegs samstarfs sem starfsmenn taka þátt í.

Skólinn fer reglulega yfir það hvernig gengur að koma markmiðum og stefnu skólans í framkvæmd. Skipulagið er sett fyrir árið og fundir og tímasetningar á framkvæmdum rata oft inn á sérútgáfu skóladagatals MS. Verkefnastjórar í einstökum málaflokkum eru svo virkjaðir vegna framkvæmda á einstökum þáttum, sem og til stefnumótunar.

#### **Sjálfmat**

Skólinn ræður verkefnastjóra um sjálfmat sem hefur sér til fulltyngis nefnd um sjálfmat þar sem bæði starfsmenn og nemendur eiga sína fulltrúa. Konrektor er tengiliður stjórnenda við þessa vinnu og sér m.a. um að áherslur ráðuneytis og skólans rati inn í áætlun um aðgerðir í sjálfsmati hverju sinni. Sjálfsmatsskýrsla hvers skólaárs er send ráðuneytinu og birt á vef skólans. Nýjasta sjálfsmatsskýrslan er vegna skólaársins 2016-2017 og nær því aðeins til hluta ársins 2017. Hana er að finna á eftirfarandi slóð á heimasiðu skólans:

[https://msund.is/media/2018/01/30/3un8lwuy5\\_Sjalfsmatsskkyrsla\\_2016.pdf](https://msund.is/media/2018/01/30/3un8lwuy5_Sjalfsmatsskkyrsla_2016.pdf)

Þar segir meðal annars:

Í skólasamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og MS eru sett fram meginmarkmið skólans til þriggja ára og árlega setur skólinn sér markmið og kynnir aðgerðáætlun. Í eftirfarandi skýrslu verður gerð grein fyrir helstu þáttum sjálfsmats og þróunarstarfs í MS og með hliðsjón af markmiðum og aðgerðum MS 2016-2017.

Sjálfsmatsáætlun sem er byggð á skólanámskrá og sjálfsmatsstefnu skólans er gerð til þriggja ára í senn og birt á heimasiðu skólans. Einnig er sett fram tímaáætlun fyrir hvern sjálfsmatsþátt, sjá mynd 1. Sjálfsmat skapar faglegan grundvöll að umbótastarfi og markmiðið er að nýta menningu og mannauð skólans til að móta sjálfsmatsaðferðir MS.

Sjálfsmatsþáttur	Haustönn 2016	Vetrarönn 2016	Vorönn 2017	Haustönn 2017	Vetrarönn 2017	Vorönn 2018	Haustönn 2018	Vetrarönn 2018	Vorönn 2019
Aðgerðaáætlun skólans									
Sjálfsmatsáætlun skólaárs									
Nemendakönnum									
Sjálfsmat nemenda									
Starfsmannaviðtöl rektors v nýja kennara									
Starfsmannaviðtöl rektors v eldri kennara									
Starfsmannakönnum									
Hugmyndabanki á Námsneti									
Mat á stjórnendum									
Tölfræði um námsárangur nemenda									
Starfendarannsókn									
Fundir sjálfsmathóps með tenglum nemenda									
Rýnhópur nemenda um nýja námskrá									
Fundir stjórnenda og kennara fágreina									
Starfhópar um þróun skólastarfs									

Sjálfsmatsstjóri og stýrihópur um sjálfsmat sjá um að stefnu skólans um sjálfsmat sé framfylgt og skólinn endurskoðar árlega stefnumótun sína í öllum málaflokkum út frá því hvernig til hefur tekist og eftir því hvort áherslur hafi breyst.

## Fjármál og rekstur skólans

Rekstur skólans árið 2017 var erfiður og erfiðari en árin þegar þjóðfélagið var á botni dýpsta dal kreppunnar. Erfitt er að skilja hvernig þannig ástand getur komið upp á sama tíma og fullyrt er að verið sé að setja aukið fjármagn í skólakerfið. Þeir peningar hafa að minnsta kosti ekki skilað sér til Menntaskólans við Sund. Ábyrgð forstöðumanns á því að reka sína stofnun innan ramma fjárlaga er skýr. Það liggur alveg ljóst fyrir hver sú ábyrgð er og hverjar skyldur forstöðumanns eru í þeim efnum. Hins vegar vantar skýrar leiðbeiningar um hvernig skuli brugðist við þegar kröfur ráðuneytis til stofnunar eru ekki í miklu samræmi við fjárheimildir hennar. Í lögum og reglum er reyndar kveðið á um hvað skuli gera þegar slík staða kemur upp. Mest af því sem þar er fjallar um upplýsingaskyldu forstöðumanns til síns ráðuneytis en lítið er um hverjar skyldur ráðuneytis eru þegar áðurnefnd staða kemur upp. Lög um opinber fjármál hafa reyndar ákvæði sem veitir ráðuneyti heimild til þess að flytja fjármuni á milli stofnana/verkefna til þess að tryggja sem besta nýtingu þeirra. Í tilfelli MS er staðan sú að ráðuneytið hefur ákveðið að nýta ekki þetta ákvæði þrátt fyrir að bent hafi verið á ávinning ráðuneytis og þjóðfélagsins af slíkri framkvæmd. Hallarekstur Menntaskólans við Sund 2017 skýrist einkum af eftirfarandi:

1. Skólinn er verulega undirfjármagnaður
2. Góður árangur skólans við að ná markmiðum ráðuneytis í Hvítbókinni veldur skólanum fjárhagslegum skaða
3. Greiðslur fyrir hvern nemanda í skólanum hafa ekki fylgt breyttum kennslukostnaði við hvern ársnemanda þar sem dýrara er að kenna nemanda í þriggja ára kerfi en þeim sem voru í fjögurra ára kerfi
4. Mikill kostnaður vegna alvarlegra og langvarandi veikinda starfsmanna MS hefur ekki fengist bættur
5. Engir fjármunir hafa fengist til að framkvæma lögbundna breytingu á námskrá skólans né til þess að standa straum af tímabundinni þenslu, sem óhjákvæmilega fylgir því að reka tvær ólíkar námskrár samtímis
6. Ófrágengið húsnæði og óviðunandi skil á nýbyggingu hefur valdið skólanum verulegu tjóni

Skólinn hefur gert ráðuneytinu grein fyrir rekstrarstöðu skólans, ástæðum hennar og leiðum til úrbóta. Ríkisendurskoðandi hefur einnig verið upplýstur um stöðu málá og fengið mat skólans á orsökum vandans. Á fundi með sérfræðingum ráðuneytisins um rekstarmál MS kom fram

sameiginlegur skilningur ráðuneytis og Menntaskólans við Sund að undirfjármögnun skólans væri á bilinu 130-140 milljónir króna á árinu 2017. Í ljósi þessa er ekki hægt annað en að segja að það vekur furðu að hallinn skuli ekki vera meiri en hann þó er. Í áætlanagerð skólans fyrir 2018 og í þriggja ára áætlun skólans er gerð grein fyrir því hvernig skólinn hyggst snúa rekstrinum við. Jafnframt hefur ráðuneytinu verið gerð grein fyrir því hvaða faglegu áhrif slíkur umsnúningur hefur á skólastarfið.

## Lokaorð

Í þessari skýrslu er fjallað um þá þætti skólastarfsins sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur óskað eftir að komi fram. Hér er um að ræða gagnlegur og oft fróðlegar upplýsingar, en viðamiklar og róttækar breytingar á skólastarfinu í Menntaskólanum við Sund fá ekki mikið rými né heldur framtíðarsýn hans og stefna í menntamálum. Þróun menntakerfisins, forgangsröðun verkefna og fjármuna, faglegar áherslur og aðlögun skólans og skólakerfisins að breytingum í þjóðfélaginu fá ekki sitt rými. Hér má nefna stöðu skapandi greina innan þessa skólastigs, mikilvægi lýðræðisvitundar, umræðu um stöðu bóknámsgreina innan menntakerfisins ekki síður en stöðu verknámsgreina og svo mætti lengi telja. Hvergi er gert ráð fyrir faglegri umræðu ráðuneytis við sínar undirstofnanir sem þó eru í þeirri stöðu að eiga að framfylgja stefnu ráðherra í menntamálum. Þetta er bagalegt þar sem áætlunar í lögum um aukin samskipti fagráðuneytis við sínar undirstofnanir snúa fyrst og síðast að rekstrarmálum og áætlanagerð í tengslum við þau. Aukin umræða og aukið upplýsingaflæði á milli fagráðuneytis og undirstofnana þess myndi líkast til auðvelda stofnunum að framfylgja stefnu ráðuneytisins.

Virðingarfyllst,

